

Breyting á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008 – 2028

Hvammur 2


Tillaga til auglýsingar sbr. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010

9. janúar 2015



FLJÓTS DALSHÉRAÐ

ATA

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 20. okt. 2015
Málnr. _____

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028


Lögð er til eftirfarandi breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028:

Við töflu í kafla 9. í greinargerð aðalskipulagsins, þar sem fjallað er um verslunar- og þjónustusvæði, bætist ein lína:


V32 Hvammur 2 (1 ha). Gistipjónusta í smáhýsum.

Jafnframt er bætt við hringtákn á sveitarfélagsuppdrátt B sem sýnir staðsetningu ákvæðisins og aðkomuleið sýnd.

Hluti af sveitarfélagsuppdrætti B, 1:30.000, fyrir og eftir breytingu:



Staðfestur uppdráttur, fyrir breytingu



Breyttur uppdráttur skv. tillögunni

Áhrif breytingarinnar eru þau að heimilt verður að reisa á tilgreindum stað smáhýsi fyrir gistipjónustu samkvæmt nánari skilmálum í deiliskipulagi.

Greinargerð

Hvammur 2 er um 13 km sunnan við Egilsstaði á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028. Þar er áhugi á að koma upp gistiaðstöðu fyrir ferðafólk og liggja fyrir drög að deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir 12 smáhýsum. Á Hvammi 2 er núna aðeins eitt íbúðarhús. Þar er lögbýli með áherslu á hrossarækt. Skammt norðan við bæinn er félagsheimili og skeiðvöllur hestamanna að Iðavöllum.

Breytingin er í samræmi við stefnu Fljótsdalshéraðs um að ferðapjónusta sé lykilatvinnugrein í sveitarfélaginu.

Svæðið er um 250 metrum norðan við Upphéraðsveg nr. 931 og skammt suðvestan við núverandi íbúðarhús. Verslunar- og þjónustusvæðið mun notast við sömu aðkomuleið og þjónar íbúðarhúsinu. Þrjú svæði með áþekkri landnotkun eru í nágrenninu, þ.e. Einarstaðir (F52) þar sem þegar eru um 40 hús, Eyjófsstaðaskógur (F53) og Úlfsstaðir (F58).

Umhverfismat


Fyrirhugað svæði fyrir verslun og þjónustu er óræktað og vaxið kjarri. Engin verndarákvæði eiga við um svæðið, hvorki vegna náttúru- né menningarminja. Staðurinn sem valinn hefur verið nýtir vel aðkomuleiðina og nálægð við íbúðarhúsið. Þótt hér sé um svæði fyrir verslun og þjónustu að ræða er landnotkunin áþekkt frístundarbyggðarsvæðum sem eru algeng í dreifbýli nálægt Egilsstöðum og þessi viðbót mun því ekki stinga í stúf við það byggðarmynstur sem fyrir er.

Ekki verður séð að ákvörðun um að heimila gistinguþjónustu á þessum stað skv. tillögunni, á aðalskipulagsstigi, hafi nein veruleg umhverfisáhrif önnur en jarðrask á byggingarlandinu.

Samþykkt og staðfesting

Hér fyrir neðan er áritað samþykki bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og staðfesting Skipulagsstofnunar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftir því sem ferli tillögunnar vindur fram.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 01.04.2014


Ólafur Jónsson

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. þann 4. nóv. 2014


Sigrún Ólafsdóttir

